

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2016/957****2021/EES/55/12****frá 9. mars 2016**

**um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um fullnægjandi fyrirkomulag, kerfi og verklag og sniðmát fyrir tilkynningar sem notað er til að koma í veg fyrir, greina og tilkynna um markaðsmisnotkun eða grunsamleg fyrirmæli eða viðskipti (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 frá 16. apríl 2014 um markaðssvik (reglugerð um markaðssvik) og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB, 2003/125/EB og 2004/72/EB <sup>(1)</sup>, einkum þriðju undirgrein 5. mgr. 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Nauðsynlegt er að tilgreina viðeigandi kröfur að því er varðar fyrirkomulag, verklag og kerfi sem rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem reka viðskiptavettvang, og allir aðilar sem sjá um eða framkvæma viðskipti í atvinnuskyni ættu að hafa til staðar til að tilkynna um fyrirmæli og viðskipti sem gætu falið í sér innherjasvik, markaðsmisnotkun eða tilraun til innherjasvika eða markaðsmisnotkunar samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 596/2014. Slíkar kröfur ættu að stuðla að því að koma í veg fyrir og uppgötva markaðssvik. Þær ættu einnig að stuðla að því að tryggja að tilkynningar sem lagðar eru fram til lögbærra yfirvalda séu mikilvægar, ítarlegar og nýtsamlegar. Til að tryggja að hægt sé að uppgötva markaðssvik á skilvirkan hátt ættu að vera fyrir hendi viðeigandi kerfi til að hafa eftirlit með fyrirmælum og viðskiptum. Slík kerfi ættu að taka til manlegra greininga sem starfsfólk með viðeigandi þjálfun framkvæmir. Kerfin til að hafa eftirlit með markaðssvikum ættu að geta veitt viðvörðun í samræmi við fyrirframskilgreinda mælipætti sem gera kleift að framkvæma frekari greiningu á mögulegum innherjasvikum, markaðsmisnotkun eða tilraun til innherjasvika eða markaðsmisnotkunar. Líklegt er að allt ferlið útheimti einhverja sjálfvirkni.
- 2) Til að auðvelda og stuðla að samræmdri nálgun og aðferðum um allt Sambandið í tengslum við að koma í veg fyrir og uppgötva markaðssvik þykir rétt að mæla fyrir um ítarleg ákvæði sem samræma inntak, sniðmát og tímasetningu tilkynninga um grunsamleg fyrirmæli og viðskipti.
- 3) Aðilar sem sjá um eða framkvæma viðskipti í atvinnuskyni með algrímsviðskiptum og falla undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB <sup>(2)</sup>, ættu að koma á og viðhalda kerfunum sem um getur í þessari reglugerð og reglugerð (ESB) nr. 596/2014 og ættu áfram að falla undir 1. mgr. 17. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 160, 17.6.2016, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 306/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 14, 5.3.2020, bls. 61.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjútíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

- 4) Aðilum sem sjá um eða framkvæma viðskipti í atvinnuskyni ætti að vera heimilt að fela öðrum að hafa eftirlit með, uppgötva og bera kennsl á að um sé að ræða grunsamleg fyrirmæli og viðskipti innan samstæðu eða að fela öðrum gagnagreiningu og gerð viðvarana með fyrirvara um viðeigandi skilyrði. Með því að fela öðrum slík verkefni ætti að vera hægt að deila tilföngum, þróa og viðhalda eftirlitskerfum miðlægt og byggja upp sérfræðipækkingu í tengslum við eftirlit með fyrirmælum og viðskiptum. Að fela öðrum slík verkefni ætti ekki að koma í veg fyrir að lögbær yfirvöld geti hvenær sem er lagt mat á það hvort kerfi, fyrirkomulag og verklag aðilans sem falin eru verkefnið uppfyllir skyldurnar um að hafa eftirlit með og uppgötva markaðssvik. Skyldan til að senda tilkynningar og til að fara að þessari reglugerð og 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 ætti áfram vera hjá aðilanum sem felur öðrum verkefni.
- 5) Viðskiptavettvangar ættu að hafa viðeigandi viðskiptareglur sem stuðla að því að koma í veg fyrir innherjasvik og markaðsmisnotkun eða tilraunir til innherjasvika eða markaðsmisnotkunar. Viðskiptavettvangar ættu einnig að vera í aðstöðu til að skoða aftur tilboðaskrána í því skyni að greina þær aðgerðir sem gerðar hafa verið á viðskiptatímabilinu í tengslum við algrímsviðskipti, þ.m.t. hátíðnivíðskipti.
- 6) Sameiginlegt og samræmt sniðmát fyrir rafræna framlagningu tilkynninga um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli (e. *suspicious transaction and order report (STOR)*) ætti að stuðla að því að farið sé að kröfunum sem settar eru fram í þessari reglugerð og 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 á mörkuðum þar sem fyrirmæli og viðskipti ná í æ ríkari mæli yfir landamæri. Það ætti einnig að auðvelda skilvirk upplýsingaskipti um grunsamleg fyrirmæli og viðskipti milli lögbærra yfirvalda við rannsókn mála sem nær yfir landamæri.
- 7) Séu þeir upplýsingareitir í sniðmáttinu sem við eiga fylltir út með skýrum, ítarlegum, hlutlægum og nákvæmum hætti ætti það að auðvelda lögbærum yfirvöldum að meta án tafar grunsemdirnar og hefja viðeigandi aðgerðir. Sniðmátið ætti því að gera þeim aðilum sem leggja fram skýrsluna kleift að veita þær upplýsingar sem þeir telja skipta máli um þau grunsamlegu fyrirmæli og viðskipti sem tilkynnt eru og útskýra ástæðurnar fyrir grunsemdunum. Sniðmátið ætti einnig að gera kleift að veita persónuupplýsingar sem gera mögulegt að kenna þá aðila sem koma að grunsamlegu fyrirmælunum og viðskiptunum og nýttast lögbærum yfirvöldum við framkvæmd rannsókna til að greina með skjóttum hætti viðskiptaatferli hinna grunuðu og koma á tengslum við aðila sem koma að öðrum grunsamlegum viðskiptum. Slíkar upplýsingar ætti að veita þegar í upphafi til að heilleika rannsóknarinnar verði ekki teft í tvísýnu ef lögbæra yfirvaldið neyðist til að leita aftur til aðilans sem lagði fram tilkynningu um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli meðan á rannsókn stendur. Þær ættu að hafa að geyma fæðingardag og -ár, heimilisfang og upplýsingar um starf og reikninga aðilans og, eftir atvikum, auðkennisnúmer viðskiptavinar og landsbundið auðkennisnúmer hlutaðeigandi einstaklinga.
- 8) Til að auðvelda framlagningu tilkynningar um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli ætti sniðmátið að gera kleift að láta fylgja skjöl og efni sem þörf er talin á til að styðja tilkynninguna, þ.m.t. í formi viðauka þar sem öll fyrirmæli eða viðskipti sem máli skipta fyrir þessa sömu tilkynningu eru talin upp og þar sem fram kemur verð og magn þeirra.
- 9) Rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem reka viðskiptavettvang og aðilar sem sjá um eða framkvæma viðskipti í atvinnuskyni ættu ekki að tilkynna öll móttekin fyrirmæli eða framkvæmd viðskipti sem hafa hrundið af stað innri viðvörun. Slík krafa væri ekki í samræmi við kröfuna um að meta í hverju tilviki fyrir sig hvort gild ástæða sé fyrir gruni.
- 10) Leggja ætti fram tilkynningar um grunsamleg fyrirmæli og viðskipti hjá viðkomandi lögbæru yfirvaldi án tafar þegar rökstuddur grunur vaknar um að þau fyrirmæli eða viðskipti gætu falið í sér innherjasvik, markaðsmisnotkun eða tilraun til innherjasvika eða markaðsmisnotkunar. Greiningin á því hvort tiltekin fyrirmæli eða viðskipti teljist grunsamleg eða ekki ætti að vera á grundvelli staðreynda, ekki ágiskana eða ályktana og ætti að fara fram eins fljótt og mögulegt er. Að fresta því að leggja fram tilkynningar til að hægt sé að fella inn í hana fleiri grunsamleg fyrirmæli eða viðskipti er í ósamræmi við þá skyldu að bregðast við án tafar ef rökstuddur grunur hefur vaknað. Hvað sem öðru líður ætti við framlagningu að meta hverja tilkynningu um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli fyrir sig til að ákvarða hvort tilkynna skuli um fleiri fyrirmæli og viðskipti í einni tilkynningu. Enn fremur telst sú venja að bíða eftir að tiltekinn fjöldi tilkynninga um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli safnist upp áður en tilkynnt er um þau ekki vera í samræmi við kröfuna um að tilkynna án tafar.
- 11) Aðstæður geta skapast þar sem rökstuddur grunur um innherjasvik, markaðsmisnotkun eða tilraun til innherjasvika eða markaðsmisnotkunar vaknar ekki fyrr en nokkru eftir að grunsamlega athæfið átti sér stað vegna síðari atburða eða

upplýsinga sem koma í ljós síðar. Þetta ætti ekki að vera ástæða til að tilkynna lögbæra yfirvaldinu ekki um hið grunsamlega athæfi. Til að sýna fram á að tilkynningarskyldan hafi verið uppfyllt í þeim sérstöku aðstæðum ætti aðilinn sem leggur fram skýrsluna að geta réttlætt tímamismuninn milli þess þegar hið grunsamlega athæfi átti sér stað og þegar rökstuddur grunur vaknar um innherjasvik, markaðsmisnotkun eða tilraun til innherjasvika eða markaðsmisnotkunar.

- 12) Varðveisla og aðgangur að tilkynningum um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli sem hafa verið lagðar fram og að greiningum sem gerðar hafa verið á grunsamlegum fyrirmælum og viðskiptum en leiddu ekki til framlagningar tilkynningar um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli er mikilvægur hluti af ferlinu til að uppgötva markaðssvik. Sá möguleiki að kalla fram aftur og endurskoða greiningu á framlögðum tilkynningum um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli og á þeim grunsamlegu fyrirmælum og viðskiptum sem fram fór greining á en grunur reyndist ekki rökstuddur mun auðvelda aðilum sem framkvæma eða sjá um viðskipti í atvinnuskyni og rekstraraðilum markaða eða verðbréfafyrirtækjum sem reka viðskiptavettvang að beita dómgreind sinni þegar þau taka síðar til athugunar grunsamleg fyrirmæli eða viðskipti. Greiningin sem framkvæmd var á grunsamlegum fyrirmælum og viðskiptum, sem að lokum leiddi ekki til framlagningar tilkynningar um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli, auðveldar þessum aðilum að stilla eftirlitskerfi sín og finna mynstur í endurteknu atferli, sem saman gæti leitt til rökstudds gruns um innherjasvik, markaðsmisnotkun eða tilraun til innherjasvika eða markaðsmisnotkunar. Að auki geta áðurnefndar skrár einnig gert það auðveldara að sýna fram á að farið sé að kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og auðveldað lögbærum yfirvöldum að sinna eftirlits-, rannsóknar- og framfylgdarhlutverkum sínum samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 596/2014.
- 13) Öll vinnsla persónuupplýsinga samkvæmt þessari reglugerð ætti að fara fram í samræmi við landslög, reglugerðir eða stjórnsluákvæði sem lögleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB <sup>(1)</sup>.
- 14) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 15) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitum hagsmunahóps á verðbréfamarkaði sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 <sup>(2)</sup>.
- 16) Til að tryggja snurðulausa starfsemi fjármálamarkaða er nauðsynlegt að þessi reglugerð öðlist gildi eins fljótt og auðið er og að ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð gildi frá sama degi og ákvæðin sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 596/2014.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

### Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „tilkynning um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli“: tilkynning um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli, þ.m.t. allar afturkallanir eða breytingar á þeim, sem gætu falið í sér innherjasvik, markaðsmisnotkun eða tilraun til innherjasvika eða markaðsmisnotkunar, sem skal leggja fram skv. 1. og 2. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014.

<sup>(1)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjttíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

<sup>(2)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjttíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

- b) „rafrænar aðferðir“: notkun rafræns búnaðar til vinnslu (þ.m.t. stafrænnar samþjöppunar), geymslu og sendingar á gögnum með rafræði, þráðlaust, með ljóstæknilegum aðferðum eða öðrum rafsegulaðferðum.
- c) „samstæða“: samstæða eins og hún er skilgreind í 11. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB <sup>(1)</sup>,
- d) „fyrirmæli“: sérhver fyrirmæli, þ.m.t. hvert og eitt tilboð óháð því hvort tilgangur þeirra er upphafleg framlagning, breyting, uppfærsla eða afturköllun fyrirmæla og óháð tegund þeirra.

2. gr.

**Almennar kröfur**

1. Aðilar sem sjá um eða framkvæma viðskipti í atvinnuskyni skulu koma á og viðhalda fyrirkomulagi, kerfum og verklagi sem tryggja:

- a) skilvirkt og viðvarandi eftirlit með öllum mótteknum og sendum fyrirmælum og öllum framkvæmdum fyrirmælum í þeim tilgangi að uppgötva og bera kennsl á að um sé að ræða fyrirmæli og viðskipti sem gætu falið í sér innherjasvik, markaðsmisnotkun eða tilraun til innherjasvika eða markaðsmisnotkunar,
- b) sendingu tilkynninga um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli til lögbærra yfirvalda í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar og með notkun sniðmátsins í viðaukanum.

2. Þær skyldur sem um getur í 1. mgr. gilda um fyrirmæli og viðskipti í tengslum við alla fjármálagerninga og gilda án tillits til:

- a) hlutverks þess sem gefur fyrirmælin eða framkvæmir viðskiptin,
- b) tegunda viðkomandi viðskiptavina,
- c) þess hvort fyrirmælin voru gefin eða viðskiptin framkvæmd á viðskiptavettvangi eða utan viðskiptavettvangs.

3. Rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang skulu koma á og viðhalda fyrirkomulagi, kerfum og verklagi sem tryggja:

- a) skilvirkt og viðvarandi eftirlit með öllum mótteknum fyrirmælum og öllum framkvæmdum viðskiptum í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, uppgötva og bera kennsl á að um sé að ræða innherjasvik, markaðsmisnotkun eða tilraun til innherjasvika eða markaðsmisnotkunar,
- b) sendingu tilkynninga um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli til lögbærra yfirvalda í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar og með notkun sniðmátsins í viðaukanum.

4. Þær skyldur sem um getur í 3. mgr. gilda um fyrirmæli og viðskipti í tengslum við alla fjármálagerninga og gilda án tillits til:

- a) hlutverks þess sem gefur fyrirmælin eða framkvæmir viðskiptin,
- b) tegunda viðkomandi viðskiptavina,

<sup>(1)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjtíð. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19).

5. Aðilar sem sjá um eða framkvæma viðskipti í atvinnuskyni, rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang skulu tryggja að það fyrirkomulag, þau kerfi og það verklag sem um getur í 1. og 3. mgr.:

- a) séu viðeigandi og hæfileg miðað við umfang, stærð og eðli atvinnustarfsemi þeirra,
- b) séu metin reglulega, a.m.k. með árlegri úttekt og innri úttekt, og uppfærð þegar þörf krefur,
- c) séu skjalfest með skýrum hætti, þ.m.t. allar breytingar og uppfærslur þeirra, í þeim tilgangi að fara að þessari reglugerð, og að skjalfestu upplýsingarnar séu varðveittar í fimm ár.

Sé þess farið á leit skulu þeir aðilar sem um getur í fyrstu undirgrein veita lögbærum yfirvöldum þær upplýsingar sem um getur í b- og c-lið þeirrar undirgreinar.

3. gr.

### Forvarnir, eftirlit og uppgötun

1. Fyrirkomulagið, kerfin og verklagið sem um getur 1. og 3. mgr. 2. gr. skulu:

- a) gera kleift að greina, í hverju tilviki fyrir sig og með samanburði, hver og ein viðskipti sem framkvæmd eru og fyrirmæli sem eru gefin, er breytt, eru afturkölluð eða er hafnað í kerfum viðskiptavettvangsins og, sé um að ræða aðila sem sjá um eða framkvæma viðskipti í atvinnuskyni, einnig utan viðskiptavettvangs,
- b) veita viðvaranir um athæfi sem þarfnast nánari greiningar í þeim tilgangi að uppgötva möguleg innherjasvik eða markaðsmisnotkun eða tilraun til innherjasvika eða markaðsmisnotkunar,
- c) taka til allra viðskipta hlutaðeigandi aðila.

2. Sé þess óskað skulu aðilar sem sjá um eða framkvæma viðskipti í atvinnuskyni, rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang skulu veita lögbærum yfirvöldum upplýsingar sem sýna fram á að kerfi þeirra séu viðeigandi og hæfileg miðað við umfang, stærð og eðli atvinnustarfsemi þeirra, þ.m.t. upplýsingar um stig þeirrar sjálfvirkni sem innbyggð er í slík kerfi.

3. Rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvanga skulu, að því marki sem er viðeigandi og hæfilegt miðað við umfang, stærð og eðli atvinnustarfsemi þeirra, nota hugbúnaðarkerfi og hafa verklag sem nýtist við að koma í veg fyrir og uppgötva innherjasvik, markaðsmisnotkun eða tilraunir til innherjasvika eða markaðsmisnotkunar.

Kerfin og verklagið sem um getur í fyrstu undirgrein skulu fela í sér hugbúnað sem gerir kleift að beita frestuðum sjálfvirkum aflestri (e. *deferred automated reading*), endurspila og greina gögn tilboðaskrár og skal slíkur hugbúnaður vera nægilega öflugur til notkunar í umhverfi algrímsviðskipta.

4. Aðilar sem sjá um eða framkvæma viðskipti í atvinnuskyni, rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang skulu koma á og viðhalda fyrirkomulagi og verklagi sem tryggja viðeigandi stig mannglegra greininga (e. *human analysis*) við að hafa eftirlit með, uppgötva og bera kennsl á viðskipti og fyrirmæli sem gætu falið í sér innherjasvik, markaðsmisnotkun eða tilraun til innherjasvika eða markaðsmisnotkunar.

5. Rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang skulu koma á og viðhalda fyrirkomulagi og verklagi sem tryggja viðeigandi stig mannglegra greininga við að koma í veg fyrir innherjasvik, markaðsmisnotkun eða tilraunir til innherjasvika eða markaðsmisnotkunar.

6. Aðili sem sér um eða framkvæmir viðskipti í atvinnuskyni skal hafa rétt, samkvæmt skriflegu samkomulagi, til að fela lögaðila sem er hluti sömu samstæðu að hafa eftirlit með, uppgötva og bera kennsl á fyrirmæli og viðskipti sem gætu falið í sér innherjasvik, markaðsmisnotkun eða tilraun til innherjasvika eða markaðsmisnotkunar. Aðilinn sem felur öðrum þessi verkefni skal áfram bera fulla ábyrgð á að uppfylla allar skyldur sínar samkvæmt þessari reglugerð og 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 og sjá til þess að fyrirkomulagið sé skjalfest með skýrum hætti og verkefnunum og ábyrgðinni hafi verið úthlutað og þau samþykkt, þ.m.t. gildistími úthlutunarinnar.

7. Aðila sem sér um eða framkvæmir viðskipti í atvinnuskyni er heimilt, samkvæmt skriflegu samkomulagi, að fela þriðja aðila („þjónustuveitanda“) framkvæmd gagnagreiningar, þ.m.t. á gögnum um fyrirmæli og viðskipti, og að annast gerð viðvarana sem nauðsynlegar eru til að slíkur aðili geti haft eftirlit með, uppgötvað og borið kennsl á fyrirmæli og viðskipti sem gætu falið í sér innherjasvik, markaðsmisnotkun eða tilraun til innherjasvika eða markaðsmisnotkunar. Aðilinn sem felur öðrum þessi verkefni skal áfram bera fulla ábyrgð á að uppfylla allar skyldur sínar samkvæmt þessari reglugerð og 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 og skal ávallt uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a) hann skal viðhalda nauðsynlegri sérþekkingu og tilföngum til að meta gæði veittrar þjónustu og rekstrarlega getu þjónustuveitendanna, nauðsynlegri sérþekkingu og tilföngum til að hafa eftirlit með þeirri þjónustu sem öðrum er falin og til að stýra áhættu í tengslum við slík verkefni á viðvarandi grundvelli,
- b) hann skal hafa beinan aðgang að öllum viðeigandi upplýsingum um gagnagreininguna og gerð viðvarana.

Skriflega samkomulagið skal hafa að geyma þá lýsingu á réttindum og skyldum þess aðila sem felur öðrum þau verkefni sem um getur í fyrstu undirgrein og á réttindum og skyldum þjónustuveitandans. Einnig skal það mæla fyrir um þær ástæður sem heimila aðilanum sem felur öðrum verkefni að segja upp slíku samkomulagi.

8. Sem hluta af því fyrirkomulagi og verklagi sem um getur í 1. og 3. mgr. 2. gr. skulu aðilar sem sjá um eða framkvæma viðskipti í atvinnuskyni og rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang varðveita í fimm ár skjalfestar upplýsingar um greiningar sem framkvæmdar eru í tengslum við fyrirmæli og viðskipti sem gætu falið í sér innherjasvik, markaðsmisnotkun eða tilraun til innherjasvika eða markaðsmisnotkunar og hafa verið rannsakaðar og um ástæður þess að tilkynning um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli var lögð fram eða ekki lögð fram. Þessar upplýsingar skulu afhentar lögbæra yfirvaldinu sé þess óskað.

Þeir aðilar sem um getur í fyrstu undirgrein skulu sjá til þess að fyrirkomulagið og verklagið sem um getur í 1. og 3. mgr. 2. gr. tryggi og viðhaldi trúnaði um þær upplýsingar sem um getur í fyrstu undirgrein.

4. gr.

#### **Þjálfun**

1. Aðilar sem sjá um eða framkvæma viðskipti í atvinnuskyni og rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang skulu skipuleggja og veita skilvirka og ítarlega þjálfun fyrir starfsfólk sem kemur að því að hafa eftirlit með, uppgötva eða bera kennsl á fyrirmæli eða viðskipti sem gætu falið í sér innherjasvik, markaðsmisnotkun eða tilraun til innherjasvika eða markaðsmisnotkunar, þ.m.t. starfsfólk sem kemur að vinnslu fyrirmæla og viðskipta. Slík þjálfun skal fara fram með reglulegu millibili og vera viðeigandi og hæfileg fyrir umfang, stærð og eðli starfseminnar.

2. Rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang skulu auk þess veita því starfsfólki sem hefur með höndum að koma í veg fyrir innherjasvik, markaðsmisnotkun eða tilraunir til innherjasvika eða markaðsmisnotkunar, þá þjálfun sem um getur í 1. mgr.

5. gr.

#### **Tilkynningaskylda**

1. Aðilar sem sjá um eða framkvæma viðskipti í atvinnuskyni og rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang skulu koma á og viðhalda skilvirku fyrirkomulagi, kerfum og verklagi sem gera þeim kleift að meta, í þeim

tilgangi að leggja fram tilkynningu um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli, hvort fyrirmæli eða viðskipti geta falið í sér innherjasvik, markaðsmisnotkun eða tilraun til innherjasvika eða markaðsmisnotkunar. Að því er varðar þetta fyrirkomulag, þessi kerfi og þetta verklag skal taka tilhlýðilegt tillit til þeirra þátta sem fela í sér raunveruleg innherjasvik eða markaðsmisnotkun eða tilraun til slíks skv. 8. og 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 og þeirra viðmiða, sem ekki eru tæmandi talin, um markaðsmisnotkun sem um getur í I. viðauka við þá reglugerð, eins og nánar er tilgreint í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/522 <sup>(1)</sup>.

2. Allir aðilar sem um getur í 1. mgr. og koma að vinnslu sömu fyrirmæla eða viðskipta skulu bera ábyrgð á að meta hvort leggja skuli fram tilkynningu um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli.

3. Þeir aðilar sem um getur í 1. mgr. skulu sjá til þess að upplýsingar sem lagðar eru fram sem hluti af tilkynningu um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli séu byggðar á staðreyndum og greiningu, að teknu tilliti til allra upplýsinga sem þeir hafa aðgang að.

4. Þeir aðilar sem um getur í 1. mgr. skulu hafa verklag sem tryggir að aðilinn sem framlögð tilkynning um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli beinist að, og allir þeir sem ekki þurfa að vita um framlagningu hennar vegna hlutverks síns eða stöðu innan tilkynningaradilans, fái ekki upplýsingar um að slík tilkynning hafi verið eða verði lögð fram eða til standi að leggja hana fram hjá lögbæru yfirvaldi.

5. Þeir aðilar sem um getur í 1. mgr. skulu vinna tilkynninguna um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli án þess að upplýsa aðilann sem hún beinist að, né nokkurn þann sem ekki þarf að hafa slíka vitneskju, um að slík tilkynning verði lögð fram, þ.m.t. gegnum beiðnir um upplýsingar um aðilann sem tilkynningin fjallar um sem hafa þann tilgang að fylla út tiltekna reiti.

6. gr.

### Tímasetning tilkynninga um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli

1. Aðilar sem sjá um eða framkvæma viðskipti í atvinnuskyni og rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang skulu sjá til þess að þeir hafi skilvirkt fyrirkomulag, kerfi og verklag til tafarlausrar framlagningar tilkynningar um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli, í samræmi við 1. og 2. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014, leiki réttmætur grunur á raunverulegum innherjasvikum eða markaðsmisnotkun eða tilraun til innherjasvika eða markaðsmisnotkunar.

2. Fyrirkomulagið, kerfin og verklagið sem um getur í 1. mgr. skulu gera mögulegt að senda tilkynningu um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli sem áttu sér stað í fortíðinni hafi vaknað grunsemdir í ljósi síðari atburða eða upplýsinga.

Í slíkum tilvikum skal aðilinn sem sér um eða framkvæmir viðskipti í atvinnuskyni og viðkomandi rekstraraðili markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækir viðskiptavettvang útskýra fyrir lögbæra yfirvaldinu í tilkynningunni um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli hvers vegna framlagningu hennar tafðist, eftir atvikum.

3. Aðilar sem sjá um eða framkvæma viðskipti í atvinnuskyni og rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang skulu leggja fram hjá lögbæra yfirvaldinu allar viðbótarupplýsingar sem koma málinu við og þeir fá vitneskju um eftir upphaflega framlagningu tilkynningar um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli og skulu veita allar upplýsingar og öll gögn sem lögbæra yfirvaldið óskar eftir.

<sup>(1)</sup> Framseld reglugerð (ESB) 2016/522 frá 17. desember 2015 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 að því er varðar undanþágu fyrir tiltekna opinbera aðila og seðlabanka þriðju landa, visbendingar um markaðsmisnotkun, viðmiðunarmörk varðandi birtingu upplýsinga, lögbæra yfirvaldið að því er varðar tilkynningar um frestanir, heimild til viðskipta á lokuðum tímabilum og tegundir tilkynningarskyldra viðskipta stjórnenda (Stjtið. L 88 5.4.2016, bls. 1).

## 7. gr.

**Efni tilkynninga um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli**

1. Aðilar sem sjá um eða framkvæma viðskipti í atvinnuskyni og rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang skulu nota sniðmátið í viðaukanum til að leggja fram tilkynningu um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli.
2. Við framlagningu tilkynningar um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli skulu þeir aðilar sem um getur í 1. mgr., fylla með skýrum og nákvæmum hætti út þá upplýsingareiti, sem varða tilkynntu fyrirmælin eða viðskiptin. Tilkynning um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli skal hafa að geyma a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:
  - a) deili á aðila sem leggur fram tilkynninguna og, sé hann aðili sem sér um eða framkvæmir viðskipti í atvinnuskyni, hvert hlutverk tilkynningaraðila er, einkum ef hann á í viðskiptum fyrir eigin reikning eða framkvæmir fyrirmæli fyrir hönd þriðju aðila,
  - b) lýsingu á fyrirmælunum eða viðskiptunum, þ.m.t.:
    - i. tegund fyrirmæla og viðskipta, einkum stórviðskipta, og hvar athæfið fór fram,
    - ii. verði og magni,
  - c) ástæður þess að grunur leikur á að fyrirmælin eða viðskiptin feli í sér innherjasvik, markaðsmisnotkun eða tilraun til innherjasvika eða markaðsmisnotkunar,
  - d) auðkenningu allra aðila sem koma að fyrirmælunum eða viðskiptunum sem gætu falið í sér innherjasvik, markaðsmisnotkun eða tilraun til innherjasvika eða markaðsmisnotkunar, þ.m.t. aðilans sem gaf eða framkvæmdi fyrirmælin og aðilans sem fyrirmælin voru gefin eða framkvæmd fyrir,
  - e) allar aðrar upplýsingar og fylgiskjöl sem geta talist skipta máli fyrir lögbæra yfirvaldið við uppgötvun, rannsókn og framfylgd í tengslum við innherjasvik, markaðsmisnotkun og tilraunir til innherjasvika og markaðsmisnotkunar.

## 8. gr.

**Sendingaraðferð**

1. Aðilar sem sjá um eða framkvæma viðskipti í atvinnuskyni og rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang skulu leggja fram tilkynningu um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli, þ.m.t. öll fylgiskjöl eða fylgigögn, hjá lögbæra yfirvaldinu sem um getur í 1. og 3. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014, með rafrænum aðferðum sem það lögbæra yfirvald tilgreinir.
2. Lögbær yfirvöld skulu birta á vefsetri sínu þær rafrænu aðferðir sem um getur í 1. mgr. Þær rafrænu aðferðir skulu tryggja að heildstæðni, heilleiki og trúnaður upplýsinganna viðhaldist meðan á sendingu þeirra stendur.

## 9. gr.

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 3. júlí 2016.



Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. mars 2016.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

  

---

## VIÐAUKI

## Sniðmát fyrir tilkynningu um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli

## 1. ÞÁTTUR — DEILI Á AÐILA/EINSTAKLINGI SEM LEGGUR FRAM TILKYNNINGU UM GRUNSAMLEG VIÐSKIPTI OG FYRIRMÆLI

**Aðilar sem sjá um eða framkvæma viðskipti í atvinnuskyni/rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang – tilgreinið í hverju tilviki:**

Nafn einstaklings	[Eiginnafn (eiginnöfn) og kenninafn (kenninöfn) einstaklingsins sem hefur með höndum framlagningu tilkynningarinnar um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli innan tilkynningaraðilans.]
Staða innan tilkynningaraðila	[Staða einstaklingsins sem hefur með höndum framlagningu tilkynningarinnar um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli innan tilkynningaraðilans.]
Heiti tilkynningaraðila	[Fullt nafn tilkynningaraðilans, þ.m.t. fyrir lögaðila: — félagsform eins og það er skráð í fyrirtækjaskrá þess lands þar sem lögin sem hann er skráður samkvæmt gilda, eftir atvikum, og — auðkenni lögaðila (LEI) í samræmi við ISO 17442 LEI-kóða, eftir atvikum.]
Heimilisfang tilkynningaraðila	[Fullt heimilisfang (t.d. gata, götunúmer, póstnúmer, borg, ríki/fylki) og land.]
Hlutverk aðila hvað varðar þau fyrirmæli eða viðskipti sem gætu falið í sér innherjasvik, markaðsmisnotkun eða tilraun til innherjasvika eða markaðsmisnotkunar.	[Lýsing á því hlutverki sem tilkynningaraðilinn gegndi hvað varðar fyrirmælin eða viðskiptin sem gætu falið í sér innherjasvik, markaðsmisnotkun eða tilraun til innherjasvika eða markaðsmisnotkunar, t.d. framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina, viðskipti fyrir eigin reikning, rekstur viðskiptavettvangs, innmiðlari.]
Tegund viðskiptastarfsemi (viðskiptavakt, högnun o.s.frv.) og tegund gernings sem tilkynningaraðilinn hefur viðskipti með (verðbréf, afleiður o.s.frv.)	(Ef það liggur fyrir)
Tengsl við aðilann sem tilkynningin um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli beinist að	[Lýsing á öllu fyrirtækja-, samnings- eða skipulagsfyrirkomulagi eða aðstæðum eða tengslum]
Tengiliður vegna beiðna um nánari upplýsingar	[Aðili sem skal hafa samband við hjá tilkynningaraðilanum til að óska eftir nánari upplýsingum í tengslum við þessa tilkynningu (t.d. regluvörður) og viðkomandi samskiptaupplýsingar: — eiginnafn (eiginnöfn) og kenninafn (kenninöfn), — staða tengiliðar innan tilkynningaraðila, — vinnunetfang.]

## 2. ÞÁTTUR — VIÐSKIPTI/FYRIRMÆLI

Lýsing á fjármálagerningnum:	[Lýsið fjármálagerningnum sem er efni tilkynningarinnar um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli og tilgreinið: — fullt heiti eða lýsingu fjármálagerningsins, — auðkenniskóða gerningsins eins og hann er skilgreindur í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar sem sett er skv. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, eftir því sem við á, eða aðra kóða,
------------------------------	---

	<ul style="list-style-type: none"> <li>— tegund fjármálagernings í samræmi við flokkunarkerfið sem notað er til að flokka fjármálagerninga og tengdan kóða (ISO 10962 CFI-kóði).]</li> </ul> <p>[Viðbótarþættir vegna fyrirmæla og viðskipta í tengslum við OTC-afleiður (Eftirfarandi listi yfir gögn er ekki tæmandi)</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>— Tilgreinið tegund OTC-afleiðu (t.d. mismunasamningar (CFD), skipta-samningar, skuldatryggingar (CDS) og OTC-valréttir) með því að nota tegundirnar sem um getur í b-lið 3. mgr. 4. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1247/2012.</li> <li>— Lýsið einkennum OTC-afleiðunnar, þ.m.t. að minnsta kosti eftirfarandi, ef við á um afleiðutegundina: <ul style="list-style-type: none"> <li>— nafnverð,</li> <li>— gjaldmiðill sem verðið er gefið upp í,</li> <li>— lokadagur,</li> <li>— álagning (verð),</li> <li>— vextir.</li> </ul> </li> <li>— Lýsið a.m.k. eftirfarandi, ef við á, fyrir viðkomandi tegund OTC-afleiðu: <ul style="list-style-type: none"> <li>— Tryggingarfé, fyrirframgreiðslu og nafnstærð eða -virði undirliggjandi fjármálagernings,</li> <li>— Skilmálum viðskiptanna s.s. lausnarverði, samningsskilmálum (t.d. hagnaður eða tap af veðjun á verðbil fyrir hvert verðskref).</li> </ul> </li> <li>— Lýsið undirliggjandi fjármálagerningi OTC-afleiðunnar og tilgreinið: <ul style="list-style-type: none"> <li>— Fullt heiti undirliggjandi fjármálagernings eða lýsingu á fjármálagerningnum,</li> <li>— Auðkenniskóða gerningsins eins og hann er skilgreindur í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar sem sett verður skv. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, eftir því sem við á, eða aðra kóða,</li> <li>— Tegund fjármálagernings í samræmi við flokkunarkerfið sem notað er til að flokka fjármálagerninga og tengdan kóða (ISO 10962 CFI-kóði).]</li> </ul> </li> </ul>
<p>Dagsetning og tími viðskipta eða fyrirmæla sem gætu falið í sér innherjasvik, markaðsmisnotkun eða tilraun til innherjasvika eða markaðsmisnotkunar.</p>	<p>[Tilgreinið dagsetningu (dagsetningar) og tíma fyrirmæla eða viðskipta og tímabeltið.]</p>
<p>Markaður þar sem fyrirmælin eða viðskiptin áttu sér stað</p>	<p>[Tilgreina skal:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>— nafn og kóða sem tilgreina viðskiptavettvanginn, innmiðlarann eða skipulega viðskiptavettvanginn utan Sambandsins þar sem fyrirmælin voru lögð fram og viðskiptin framkvæmd, eins og skilgreint er í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar sem samþykkt er skv. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, eða</li> <li>— nota skal orðalagið „utan viðskiptavettvangs“ ef fyrirmælin voru ekki lögð fram eða viðskiptin ekki framkvæmd á neinum framangreindra vettvanga“.]</li> </ul>

Staðsetning (land)	<p>[Fullt nafn landsins og tveggja stafa ISO 3166-1-landskóði.]</p> <p>[Tilgreina skal:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>— hvar fyrirmælin eru gefin (liggi það fyrir),</li> <li>— hvar fyrirmælin eru framkvæmd.]</li> </ul>
Lýsing á fyrirmælum eða viðskiptum	<p>[Tilgreina skal a.m.k. eftirfarandi um fyrirmælin eða viðskiptin sem tilkynnt er um</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>— tilvísunarnúmer viðskipta/fyrirmæla; tilvísunarnúmer (eftir atvikum),</li> <li>— dagsetningu og tíma uppgjörs,</li> <li>— kaupverð/söluverð,</li> <li>— umfang/magn fjármálagerninga,</li> </ul> <p>[Sé um að ræða fleiri en ein fyrirmæli eða viðskipti sem gætu falið í sér innherjasvik, markaðsmisnotkun eða tilraun til innherjasvika eða markaðsmisnotkunar, er heimilt að veita lögbæru yfirvaldi upplýsingar um verð og magn slíkra fyrirmæla og viðskipta í viðauka við tilkynninguna um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli.]</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>— upplýsingar um framlagningu fyrirmæla, þ.m.t. að minnsta kosti eftirfarandi: <ul style="list-style-type: none"> <li>— tegund fyrirmæla (t.d. „kaup að hámarki x evrur“),</li> <li>— með hvaða hætti fyrirmælin voru lögð fram (t.d. rafræn tilboðaskrá),</li> <li>— tímasetningu framlagningar fyrirmælanna,</li> <li>— aðilann sem í reynd sendi fyrirmælin,</li> <li>— aðilann sem í reynd tók við fyrirmælunum,</li> <li>— með hvaða hætti fyrirmælin voru send.</li> </ul> </li> <li>— Upplýsingar um afturköllun eða breytingu á fyrirmælum (eftir atvikum): <ul style="list-style-type: none"> <li>— tímasetning breytingar eða afturköllunar,</li> <li>— aðili sem breytti fyrirmælunum eða afturkallaði þau,</li> <li>— eðli breytingarinnar (t.d. breyting á verði eða magni) og umfang breytingarinnar,</li> </ul> <p>[Sé um að ræða fleiri en ein fyrirmæli eða viðskipti sem gætu falið í sér innherjasvik, markaðsmisnotkun eða tilraun til innherjasvika eða markaðsmisnotkunar, er heimilt að veita lögbæru yfirvaldi upplýsingar um verð og magn slíkra fyrirmæla og viðskipta í viðauka við tilkynninguna um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli.]</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>— aðferð við að breyta fyrirmælunum (t.d. með tölvupósti, símtali, o.s.frv.)]</li> </ul> </li></ul>

### 3. ÞÁTTUR — LÝSING Á EDLI GRUNS

Eðli gruns	<p>[Tilgreinið tegund brots sem gæti falist í tilkynntum fyrirmælum eða viðskiptum:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>— markaðsmisnotkun,</li> <li>— innherjasvik,</li> </ul>
------------	--

	<p>— tilraun til markaðsmisnotkunar,</p> <p>— tilraun til innherjasvika.]</p>
Ástæður gruns	<p>[Lýsing á athæfinu (viðskipti og fyrirmæli, aðferð við framlagningu fyrirmæla eða framkvæmd viðskiptanna og einkenni fyrirmælanna og viðskiptanna sem gera þau grunsamleg) og hvernig málið vakti athygli tilkynningaraðilans og tilgreinið ástæður grunsins.</p> <p>Til viðmiðunar, og án þess að tæmandi sé talið, getur lýsingin falið í sér:</p> <p>— fyrir fjármálagerninga sem teknir eru til viðskipta/sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi, lýsingu á eðli samskipta í tengslum við tilboðaskrá/viðskipti sem gætu falið í sér innherjasvik, markaðsmisnotkun eða tilraun til innherjasvika eða markaðsmisnotkunar,</p> <p>— fyrir OTC-afleiður, upplýsingar um viðskipti með eða fyrirmæli um hina undirliggjandi eign og upplýsingar um öll möguleg tengsl milli viðskipta á stundarmarkaði undirliggjandi eignar og tilkynntu viðskiptanna með OTC-afleiðuna.]</p>

4. ÞÁTTUR — DEILI Á AÐILA SEM LEGGUR FRAM FYRIRMÆLI EÐA Á Í VIÐSKIPTUM SEM GÆTU FALIÐ Í SÉR INNHERJASVIK, MARKAÐSMISNOTKUN EÐA TILRAUN TIL INNHERJASVIKA EÐA MARKAÐSMISNOTKUNAR („HINN GRUNADI“)

Nafn	<p>[Fyrir einstaklinga: eiginnafn (nöfn) og kenninafn (nöfn).]</p> <p>[Fyrir lögaðila: fullt nafn, þ.m.t. félagsform eins og það er skráð í fyrirtækjaskrá þess lands þar sem lögin sem hann er skráður samkvæmt gilda, eftir atvikum, og auðkenniskóði lögaðila (LEI) í samræmi við ISO 17442, ef við á.]</p>
Fæðingardagur og -ár	<p>[Aðeins um einstaklinga.]</p> <p>[áááá-mm-dd]</p>
Landsbundið auðkennisnúmer (ef við á)	<p>[Eftir því sem við á í viðkomandi aðildarríki.]</p> <p>[Númer og/eða texti]</p>
Heimilisfang	[Fullt heimilisfang (t.d. gata, götunúmer, póstnúmer, borg, ríki/fylki) og land.]
Upplýsingar um atvinnu:	[Upplýsingar um starf hins grunaða úr heimildum sem eru aðgengilegar tilkynningaraðilanum innanhúss (t.d. reikningsgögn ef um er að ræða viðskiptavini, upplýsingar úr starfsmannakerfi ef um er að ræða starfsmann tilkynningaraðilans).]
— Staður	
— Staða	
Reikningsnúmer	[Númer peninga- og verðbréfareikninga, allra sameiginlegra reikninga eða allra umboða á reikningi hins grunaða aðila/einstaklings.]
Auðkenni viðskiptavinar vegna tilkynninga um viðskipti samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 600/2014 um markaði með fjármálagerninga (eða annar auðkenniskóði)	[Sé hinn grunaði viðskiptavinur tilkynningaraðilans.]
Tengsl við útgefanda viðkomandi fjármálagerninga (eftir atvikum og liggja þau fyrir)	[Lýsing á öllu fyrirtækja-, samnings- eða skipulagsfyrirkomulagi eða aðstæðum eða tengslum]

---

**5. ÞÁTTUR — VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR****Forsaga eða aðrar upplýsingar sem tilkynningaraðili telur skipta máli fyrir tilkynninguna**

---

[Eftirfarandi listi er ekki tæmandi.

- Staða hins grunaða (t.d. almennur fjárfestir, stofnanir),
- Eðli inngripa hins grunaða aðila/einstaklings (fyrir eigin reikning, fyrir hönd viðskiptavinar, annað),
- Stærð eignasafns hins grunaða aðila/einstaklings,
- Dagsetningin þegar viðskiptasambandið við viðskiptavininn hófst ef hinn grunaði aðili/einstaklingur er viðskiptavinur tilkynningaraðilans,
- Tegund athæfis viðskiptaborðs grunaðs aðila, liggi slíkar upplýsingar fyrir,
- Viðskiptamynstur hins grunaða aðila/einstaklings. Eftirfarandi dæmi eru til leiðbeiningar um upplýsingar sem geta verið gagnlegar:
  - viðskiptavenjur hins grunaða aðila/einstaklings með tilliti til vogunar og skortsölu, og tíðni notkunar,
  - sambærileiki stærðar tilkynnta fyrirmæla/viðskipta við meðalstærð fyrirmæla sem lögð eru fram/viðskipta sem framkvæmd eru af hinum grunaða aðila/einstaklingi næstliðna 12 mánuði,
  - venjur hins grunaða aðila/einstaklings með tilliti til útgefanda þeirra verðbréfa sem hann hefur átt viðskipti með eða tegundir fjármálagerninga sem hann hefur átt viðskipti með næstliðna 12 mánuði, einkum hvort tilkynntu fyrirmælin/viðskiptin varða útgefanda verðbréfa sem hinn grunaði aðilinn/einstaklingur hefur átt viðskipti með næstliðið ár.
- Aðrir aðilar/einstaklingar sem vitað er að hafi komið að fyrirmælunum og viðskiptunum sem gætu falið í sér innherjasvik, markaðsmisnotkun eða tilraun til innherjasvika eða markaðsmisnotkunar:
  - Nöfn,
  - Athæfi (t.d. framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina, viðskipti fyrir eigin reikning, rekstur viðskiptavettvangs, innmiðlari o.s.frv.)]

---

**6. ÞÁTTUR — FYLGISKJÖL**

---

[Telja skal upp stuðningsgögn og -efni sem lagt er fram með þessari tilkynningu um grunsamleg viðskipti og fyrirmæli.

Dæmi um slík gögn eru tölvupóstur, upptökur á samtölum, skrár yfir fyrirmæli/viðskipti, staðfestingar, skýrslur miðlara, umboðsskjöl og umfjöllun fjölmiðla ef við á.

Séu ítarlegar upplýsingar um fyrirmæli/viðskipti sem um getur í 2. þætti þessa sniðmáts veittar í sérstökum viðauka, skal tilgreina titil þess viðauka.]

---